



Alþingi  
Erindi nr. P 128, 85  
komudagur 20.11.2002

19. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði – þingskjal 8, stofnfjárhlutir.

### 1. Inngangur

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 4. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði, 8. mál, stofnfjárhlutir.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á núgildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996, með síðari breytingum: Annars vegar að um endurgjald fyrir stofnfjárhluti í sparisjóði skuli fara samkvæmt reglu 2. mgr. 22. gr. laganna, þ.e. að verðið skuli vera nafnverð hans að viðbættri ónýtttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr. Hins vegar að ákvæði 37. gr. A, 37. gr. B og 2. másl. 1. mgr. 72. gr. laganna, sem heimila að breyta sparisjóði í hlutafélag, falli brott. Verður hér fjallað um þessar tvær tillögur.

### 2. Um endurgjald fyrir stofnfjárhluti

Að því er varðar rökstuðning fyrir tillögunni er í greinargerð með frumvarpinu einkum vísað til hlutverks sparisjóða í íslensku atvinnulífi og þýðingar þeirra fyrir mörg byggðalög. Í greinargerðinni er jafnframt vísað til þess að síðastliðið sumar hafi stofnfjáreigendum í tilteknum sparisjóði verið gerð tilboð um kaup á stofnfjárhlutum á yfirverði.

Mál þetta kom til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu og komst það að þeirri niðurstöðu að núgildandi löggjöf feli ekki í sér bann við því að stofnfjáreigandi geti selt eða framselt þriðja aðila stofnfjárhlut sinn á hærra verði en endurmetnu nafnverði, fái hann til þess lögmælt samþykki stjórnar sparisjóðsins. Jafnframt komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að þar sem sala stofnfjáreiganda á stofnfjárhlut til þriðja aðila sé fjármögnuð af utanaðkomandi aðila, verði ekki séð að

SEÐLABANKI ÍSLANDS

með því einu verði gengið á eigið fé sparisjóðsins og að núverandi stofnfjáreigendur hafi með slíkum viðskiptum öðlast rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðsins eða arðs umfram ákvæði laganna.<sup>1</sup>

Tillagan í 1. gr. frumvarpsins felur í sér að sett verði í lög bann við því að stofnfjáreigandi geti selt eða framselt þriðja aðila stofnfjárhlut sinn á hærra verði en endurmetnu nafnverði. Tillagan virðist þannig byggja á þeirri lagatúlkun að það leiði ekki af nógildandi lögum að slík sala sé óheimil.

Af hálfu Seðlabanka Íslands er talið að ekki sé tilefni eða ástæða til að vefengja í þessari umsögn ofangreinda niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins. Það er jafnframt mat Seðlabankans að við úrlausn þess álitamáls hvort rétt sé að lögfesta ákvæði um útreikning endurgjalds fyrir sölu eða framsal stofnfjárhluta sé rétt í fyrsta lagi að kanna hvort slíkt lagaákvæði kunni að ganga gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og í öðru lagi að meta hvaða áhrif slíkt ákvæði hefði á skilvirkni og öryggi fjármálakerfisins hér á landi.

Að því er fyrra atriðið varðar er í frumvarpinu ekki fjallað sérstaklega um það hvort lagaákvæði sem felur í sér bann við að stofnfjáreigandi selji eða framselji þriðja aðila stofnfjárhlut sinn á hærra verði en endurmetnu nafnverði samræmist 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Að mati Seðlabankans væri ástæða til að kanna það atriði sérstaklega áður en lengra yrði haldið. Að öðru leyti verður ekki tekin afstaða til þessa atriðis í umsögninni.

Verður þá vikið að síðara álitamálinu, þ.e. hvaða áhrif umrætt lagaákvæði hefði á fjármálakerfið hér á landi.

Núgildandi löggjöf um lánastofnanir, þ.m.t. viðskiptabanka og sparisjóði, byggist á samræmdum EES-reglum um lánastofnanir og starfsemi þeirra.<sup>2</sup> Þessar reglur hafa það að markmiði að skapa forsendur fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á starfsemi lánastofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til þess að ná þessu markmiði kveða reglurnar m.a. á um samræmdar öryggis- og eftirlitskröfur sem eru forsenda gagnkvæmrar viðurkenningar á starfsheimildum. Starfsemi lánastofnana lýtur jafnframt EES-reglum um frjálsa samkeppni og frelsi til fjárfestinga. Sérreglur gilda þó um öflun virkra eignarhluta í lánastofnunum sem takmarka nokkuð meginregluna um frelsi til fjárfestinga í lánastofnunum.

<sup>1</sup> Greinargerð Fjármálaeftirlitsins, dags. 19. júlí 2002, bls 27-28.

<sup>2</sup> Sjá einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1).

Framangreindar EES-reglur byggja að verulegu leyti á alþjóðlegu samstarfi sem hefur það að markmiði að auka skilvirkni og öryggi fjármálakerfisins. Má þar nefna vinnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) og Alþjóðagreiðslubankans (BIS) svo og samstarf eftirlitsyfirvalda.

Íslenskar lánastofnanir búa þannig við regluverk sem er að verulegu leyti sniðið eftir erlendum viðmiðum og reglum. Í þessum viðmiðum er lögð megináhersla á að auka öryggi í rekstri lánastofnana og stuðla að stöðugleika fjármálakerfisins. Hins vegar er þar gert ráð fyrir því að lánastofnanir starfi í samkeppni á frjálsum markaði. Þannig er m.a. að meginstefnu til gert ráð fyrir frelsi til að fjárfesta í eignarhlutum í lánastofnunum enda er slíkt frelsi talið forsenda framfara og hagræðingar í fjármálakerfinu.

Að mati Seðlabanka Íslands hefur nú þegar verið gengið langt í því að lögfesta ýmis ákvæði um sérstöðu sparisjóða gagnvart viðskiptabönkum. Æskilegt væri að draga úr þessum mun þannig að lagareglur um viðskiptabanka og sparisjóði yrðu í meginatriðum þær sömu. Skapa þarf jöfn skilyrði fyrir samkeppni lánastofnana og hagræðingu á fjármálamarkaði. Jafnframt þurfa lagareglur á þessu sviði að kveða á um þær kröfur sem mótast hafa á alþjóðlegum vettvangi um öryggi í rekstri lánastofnana og fjármálastöðugleika.

Mat Seðlabankans er að setning lagaákvæðis um útreikning endurgjalds fyrir stofnfjárhluti í sparisjóðum væri ekki í samræmi við þessi megináhrif. Slíkt lagaákvæði myndi auka þann mun sem er á lagareglum er gilda um viðskiptabanka og sparisjóði. Það væri jafnframt til þess fallið að hindra eðlilega hagræðingu í fjármálakerfinu. Þá verður ekki séð að slíkt ákvæði sé sérstaklega til þess fallið að auka öryggi fjármálakerfisins.

Álit Seðlabankans er því að ekki sé ástæða til þess að kveða sérstaklega á um það í lögum hvernig reikna eigi út endurgjald fyrir sölu eða annað framsal stofnfjárhluta í sparisjóði með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

### **3. Um afnám heimilda til að breyta sparisjóði í hlutafélag**

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 37. gr. A, 37. gr. B og 2. másl. 1. mgr. 72. gr. laganna, sem heimila að breyta sparisjóði í hlutafélag, falli brott.


Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að þessi ákvæði hafi valdið uppnámi og tefli tilverugrundvelli sparisjóða í tvísýnu. Óhjákvæmilegt sé því að endurskoða málið og að þar til það hafi verið gert verði óheimilt að breyta sparisjóðum í hlutafélög.

Með vísan til þeirra sjónarmiða sem rakin eru hér að framan er það mat Seðlabanka Íslands að umræddar lagaheimildir séu nauðsynleg forsenda endurskipulagningar og hagræðingar á íslenskum fjármálamarkaði.


#### 4. Niðurstaða

Með vísan til framangreinds telur Seðlabanki Íslands sér ekki fært að mæla með samþykkt ofangreinds frumvarps.


Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísl. Gunnarsson  
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason  
bankastjóri



Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri